

Góðan dag.

Með lögum nr. 139/2018 voru gerðar breytingar á lögum nr. 162/2006, um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra. Með breytingalögum var kveðið á um að sveitarfélögum sé skylt að veita stjórnmalasamtökum sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum árleg fjárframlög til starfsemi sinnar sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 162/2006. **Skilyrði úthlutunar er að stjórnmalasamtökin hafi uppfyllt upplýsingaskyldu sína við ríkisendurskoðanda.**

Þá kemur fram í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 162/2006 að á því ári sem sveitarstjórnarkosningar eru skuli úthlutun framlaga fara fram á þann hátt að stjórnmalasamtök fái framlög fyrir síðari hluta þess ár í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum.

Með vísan til framangreinds óskar Ríkisendurskoðun eftir að sveitarfélagið upplýsi um framlög sveitarfélagsins til stjórnmalasamtaka á árinu 2018. Á yfirlitinu þarf að koma fram **nafn stjórnmalasamtaka, fjárhæð, nafn, símanúmer og netfang hjá fyrirsvarsmanni viðkomandi stjórnmalasamtaka**. Umbeðið yfirlit óskast sent eigi síðar en **24. október 2019**.

Þá er jafnframt áréttað að **sveitarfélaginu ber skylda til við greiðslu framlaga á árinu 2019 að ganga úr skugga um að viðkomandi stjórnmalasamtök hafi staðið skil á ársreikningum til Ríkisendurskoðunar í samræmi við ákvæði 8. og 9. gr. laga nr. 162/2006.**

Kveðja,

Guðrún Jenný Jónsdóttir

Sviðstjóri lögfræðisviðs



Bríetartún 7, 105 Reykjavík

Sími: 569 7150 / 848 4665

www.ríkisendurskodun.is/ Fyrirvari